

## Kvörtun

### Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun

Fullt nafn: SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í F

Kennitala: 551184-0729

Heimili: Háaleitisbraut 13

Pnr/Staður: 108 - Reykjavík

Starfsheiti:

Netfang: samfok@samfok.is

Sími: 5627720

### Upplýsingar um kvörtunarefni

Nafn þess aðila, stofnunar eða starfsmanns sem kvörtun beinist að:

Menntamálaráðuneytið

Kvartað er yfir breytingum á reglugerð um fyrirlögn og framkvæmd samræmdra könnunarprófa, frá mars 2017.

Í annari og þriðju málsgrein 10 gr. reglugerðarinnar kemur fram: "Menntamálastofnun skal birta opinberlega dæmi um prófatriði úr öllum námsgreinum og námsþáttum ásamt lýsingu á þeirri hæfni sem metin er. Þá skal Menntamálastofnun gera prófúrlausnir aðgengilegar fyrir skóla svo hægt sé að skoða svör nemenda. Skólinn afhendir foreldrum prófúrlausnir ef eftir því er óskað. Menntamálastofnun er ekki skylt að birta prófatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd könnunarpróf."

SAMFOK telur að þessar breytingar á reglugerðinni standist ekki grunnskólalög. 27. grein laga um grunnskóla er skýr og tryggir foreldrum og nemendum rétt til að skoða metin verkefni nemenda, en ekki bara prófaúrlausnir eða dæmi um sambærilegar spurningar (prófaatriði). Um rétt nemenda og foreldra til að skoða metnar prófaúrlausnir er einnig fjallað í gildandi reglugerð frá 2009 "um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín"

SAMFOK telur slæmt að hagsmunir og réttur nemenda og foreldra þeirra hafi með þessum hætti verið látinn víkja fyrir hagsmunum stofnunar vegna breytinga á kerfi og þróunar prófabanka.

Þann 29. maí 2017 sendi formaður SAMFOK erindi til Mennta- og menningarmálaráðherra og óskaði eftir atbeina ráðherra, að reglugerðin yrði lagfærð og lögbundin réttur foreldra og nemenda til að skoða metin verkefni yrði virtur. Afrit var sent til umboðsmanns alþingis.

Yfir hverju er kvartað (í stuttu máli)?

Í reglugerðinni kemur fram að prófaúrlausnir verði gerðar aðgengilegar en að Menntamálastofnun sé ekki skylt að birta prófaatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd próf.

Í 27. grein laga um grunnskóla er hins vegar kveðið á um að nemendur og foreldrar þeirra eigi rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófaúrlausnir.

Í dag er talið mikilvægt að rækta með nemendum þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir þá í framtíðinni að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Það eru sjálfsögð réttindi nemenda, óháð aldri, að skoða metin verkefni sín, ekki bara upplýsingar um einkunnir úr einstökum prófhlutum og aðgengi að sambærilegum verkefnum sem prófa sömu hæfni. Á mannamáli þýðir þetta að foreldrar og nemendur eiga að geta séð svörin en ekki spurningarnar og dregið af því vitrænar ályktarnir hvernig svör þeirra hafi verið metin. Þessi hugmyndafræði stenst hvorki grunnskólalög né heilbrigða skynsemi.

Það er áhyggjuefni að stofnanir ríkisins hafi lagt það til að neita nemendum og foreldrum þeirra að fá aðgang að gögnum sem þá varða, metin prófverkefni, og að reglugerðin hafi verið samþykkt af ráðherra.

\*\*\*

27 grein, lög um grunnskóla, frá 2008:

"Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnslukæru í skilningi stjórnslulaga." <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

4. gr. reglugerðar um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, frá 2009. Réttur nemanda og foreldra til að skoða metnar prófúrlausnir og önnur gögn um námsstöðu -

"Nemandi og foreldri eiga rétt á að skoða metnar prófúrlausnir nemanda. Jafnframt hafa nemandi og foreldri rétt til að skoða og fá aðgang að þeim gögnum sem liggja til grundvallar hvers konar vitnisburði um námsstöðu nemandans" ...." Beiðni foreldris um að fá að skoða metnar prófúrlausnir skal að jafnaði afgreidd innan sjö daga frá því að hún berst skólastjóra." <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-menningarmalaraduneyti/nr/15939>

Úr frétt MRN, ný reglugerð um fyrirlögn og framkvæmd samræmdra könnunarprófa:

"Menntamálastofnun er ekki skylt að birta prófatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda gert ráð fyrir að hægt sé að endurnýta þau við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd könnunarpróf. • Í stað birtingar prófatriða skal Menntamálastofnun birta opinberlega dæmi um prófatriði úr öllum námsgreinum og námsþáttum ásamt lýsingu á þeirri hæfni sem metin er." <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/03/06/Ny-reglugerd-um-fyrirkomulag-og-framkvaemd-samraemdrakonnunarprofa-i-grunnskolum/>

Morgunblaðið 2. maí, forstjóri Menntamálastofnunar:

"Við birtum ekki sjálfar prófaspurningarnar heldur sambærilegar spurningar. Ástæðan er sú að við erum að þróa prófin þannig að þau verði betri og áreiðanlegri. Þannig getum við notað prófaspurningarnar til lengri tíma og það gerir okkur kleift að skoða breytingar yfir tíma"

Rökstuðningur fyrir kvörtun:

Hefur áður verið kvartað yfir þeim ákvörðunum eða annari háttsemi sem lýst er hér að framan?

Já, samtök foreldra hafa komið kvörtunum sínum á framfæri við Menntamálaráðuneytið sem hluta af samráðsferli um framkvæmd samræmdra prófa, sjá meðfylgjandi greinagerð frá 24. apríl 2017 og síðan með erindi SAMFOK til ráðherra dags. 29.5.2017.


Kennarar hafa ennfremur gagnrýnt að hvorki kennarar, nemendur, né foreldrar þeirra fái að sjá úrlausn prófanna. Kvartað hefur verið yfir því við ráðuneytið og MMS að kennarar og skólastjórnendur hafi ekki aðgang að raunverulegum prófgögnum.


Dæmi: "Við birtingu niðurstaðna samræmdra könnunarprófa í apríl 2017 varð kennurum og skólastjórnendum fljótlega ljóst að ekki væri hægt að nýta niðurstöðurnar í leiðbeinandi námsmati og við skipulag áframhaldandi náms. Kennarar sáu aðeins dæmi um verkefni af prófunum, raunveruleg prófgögn fengu þeir ekki í hendur. Það er útilokað fyrir grunnskólakennara að leiðbeina nemendum í kjölfar prófanna ef þeir hafa hvorki skýr viðmið um innihald þeirra, gátlista né innsýn í prófverkefni sjálf. Kennarar sáu heldur ekki hvernig nemendur þeirra svöruðu spurningum, bara hvort svörin voru rétt eða röng." frá SAMRÆMD PRÓF Í GARÐASKÓLA, kafli 5.2.  
[http://www.gardaskoli.is/library/Files/Mat-a-skolastarfi/SP2017\\_Lokaskýrsla.pdf](http://www.gardaskoli.is/library/Files/Mat-a-skolastarfi/SP2017_Lokaskýrsla.pdf)

Hefur kvörtunarefnið verið lagt fyrir dómstóla?

Nei, mér er ekki kunnugt um það.

Hámarksstærð skjala samanlagt má ekki fara yfir 25mb.

Fylgiskjal 1:   Erindi til MR...kefni END.pdf

Fylgiskjal 2:   Greinagerð ti...md próf END

Fylgiskjal 3:  no file selected

Fylgiskjal 4:  no file selected

Fylgiskjal 5:  no file selected

Fylgiskjal 6:  no file selected

Fylgiskjal 7:  no file selected

Fylgiskjal 8:  no file selected

Fylgiskjal 9:  no file selected

Fylgiskjal 10:  no file selected

Athugasemdir:

Óskað er eftir rannsókn umboðsmanns,